

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

samradsgatt@samradsgatt.is

Mál nr. S-3/2026

17.02.2026

Frumvarp til laga um breytingar á skipulagi og framkvæmd opinbers eftirlits samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tengdum lögum mál S-3/2026

Inngangur

Í sameiginlegri tilkynningu atvinnuvegaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis er lagt til að verkefni heilbrigðiseftirlita verði færð til tveggja ríkisstofnana. Gert er ráð fyrir að mengunarvarna- og hollustuháttaeftirlit færist til Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar að matvælaeftirlit færist til nýrrar sameinaðrar stofnunar á sviði matvæla. Meginmarkmið þeirrar löggjafar sem heilbrigðiseftirlit byggir á er að standa vörð um lýðheilsu almennings. Málaflokkurinn er stór og varðar allt samfélagið og umhverfið. Landvernd hefur kynnt sér efni frumvarpsins og hefur eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Helstu álitæfni

Landvernd vill fyrst vekja athygli á að verkefni sem heilbrigðiseftirlit sinna eru margþætt og mikilvæg og þau snúa í raun að daglegum veruleika fólks sbr. eftirlit með drykkjarvatni, vatnsbólum (með bað- og sundlaugarvatni), eftirlit með loftgæðum og hljóðvist, eftirlit með margvíslegum matvælum og matvælaiðnaði, öryggi leiksvæða barna og verndun umhverfisins, eftirlit með olíumengun og fráveitum, eftirlit með heilsuspillandi húsnæði og umhverfi á annan hátt. Allt þetta ætti að fela í sér ákveðin skilaboð til stjórnvalda að stíga varlega til jarðar þegar kemur að svo stórum og viðkvæmum málaflokki sem hefur það meginhlutverk að fyrirbyggja veikindi og slys. Sú staða sem heilbrigðiseftirlit hafa haft er að því best verður séð í uppnámi með uppskiptingu verkefna sem fyrirhuguð er í frumvarpi þessu þar sem hætta er á að mál sem áður voru í föstum skorðum geti fallið á milli þilja.

Yfirvarp um einföldun á regluverki virðist ekki eiga sterkar rætur í frumvarpinu og hætta er á að frumvarpið geti leitt til tvíverknaðar og lengri boðleiða þar sem klofningur eftirlitsverkefna milli stofnana getur orðið til þess að tveir aðilar þurfi að koma að málum sem áður fóru í einn farveg sem mun að óbreyttu seinka afgreiðslu og auka óvissu.

Fækkun starfsfólks hjá ríkisstofnunum, sem er undirliggjandi nái málið fram að ganga, mun stórauka hættuna á að ekki náist að sinna meðal annars brýnum eftirlitsverkefnum í þeim mæli sem þarf. Fækkun starfa í eftirliti leiðir til aukinnar hættu t.d. mengunarslysum frá iðnaðarstarfsemi út í umhverfið og getur sömuleiðis valdið aukinni hættu á að upp komi sýkingar/hópsýkingar hvers konar í tengslum við matvælaiðnað eða baðstaði svo eitthvað sé nefnt.

Landvernd á erfitt með að sjá hvernig stjórnvöld hyggjast framkvæma þessa kerfisbreytingu. Þess sést heldur hvergi staður hvernig þeim verkefnum sem heilbrigðiseftirlitið hefur sinnt, og eru ekki tekjubær og skilja á eftir á forræði sveitarfélaganna verði meðhöndluð. Eftirliti án tekna verður einfaldlega ekki sinnt. Miðað við hraða innleiðingar og óskýrleika í frumvarpinu er veruleg hætta á þjónusturofi og að eftirlit á nærsvæðum sem hefur verið til staðar bregðist jafnvel alvarlegum afleiðingum í ljósi þess hve viðkvæmur málaflokkurinn er. Landvernd leggst gegn þessari ómarkvissu og óskýru innleiðingu með flýtimeðferðarsniði sem styrkir ekki að staðið sé vörð um heilbrigði samfélags né umhverfisvernd.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir